

Upplýsingar um réttindi hluthafa

á hluthafafundi Vátryggingafélags Íslands hf. („VÍS“) þann 27. júní 2018

Til fundarins var boðað með fundarboði þann 30. maí 2018. Heildarfjöldi hluta og atkvæða á þeim degi var kr. 2.202.642.307 að nafnverði

Eftirfarandi reglur gilda um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi félagsins:

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá hluthafundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en kl. 16:00 mánudaginn 18. júní 2018. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið stjorn@vis.is. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur á tímabilinu 6. júní – 18. júní 2018, verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafundinn. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir hluthafafund á stjorn@vis.is eða á hluthafafundinum sjálfum.

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skriflegar. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist til höfuðstöðva félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hlutaskrárkerfi félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla, þó ekki eftir að hluthafafundur hefst. Hluthafa er heimilt að sækja hluthafafund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundi. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Tillögur sem kalla á breytingar á samþykktum félagsins krefjast aukins meirihluta greiddra atkvæða í samræmi við lög um hlutafélög og samþykktir félagsins.

Hluthafar munu geta fylgst með fundinum með rafrænum hætti en hluthafar þurfa að sækja um aðgang hjá félaginu eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi miðvikudaginn 27. júní 2018 til þess að nýta sér þessa lausn með því að senda póst á fjarfestatengsl@vis.is. Hluthafar geta valið milli þess að fylgjast með fundinum á íslensku eða með enskum túlki. Tekið skal fram að slíkt rafrænt áhorf jafngildir ekki mætingu á fundinn og veitir því ekki rétt til þátttöku í fundinum að öðru leyti, þ.m.t. atkvæðagreiðslum. Þeir hluthafar sem hyggjast neyta atkvæðaréttar síns á fundinum eru því hvattir til að mæta á fundinn eða láta umboðsmann sinn sækja fundinn fyrir sína hönd. Hluthafafundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Fundargögn verða afhent á fundarstað og eru þau á íslensku og ensku en hluthafafundurinn fer fram á íslensku. Mælst er til þess að mætt sé tímanlega á hluthafafund til að röskun verði ekki á fundarstörfum.